

## Fundargerð

Fundur stjórnar Fiskeldissjóðs, 22. fundur.  
26.01.2022, kl. 10:00 til 11:00

Fundur var haldinn í stjórn Fiskeldissjóðs 26. janúar 2022. Fundurinn fór fram sem fjarfundur á teams. Mætt voru á fundinn Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir og Kjartan Dige Baldursson. Auk þeirra Hallveig Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar, 24. janúar 2022, borin upp til samþykktar og hún samþykkt.
2. Ársreikningur Fiskeldissjóðs.  
Starfsmaður hefur athugað hvernig staðið er að gerð ársreiknings Fiskeldissjóðs. Fjársýslan sér um ársreikninginn, sem berst ráðuneytinu, undirskrift á ársreikningi kemur innan húss, væntanlega frá prófkúruhöfum. Bréf kemur samhliða ársreikningi sem stjórn undirritar til staðfestingar á að stjórn hafi séð og fjallað um reikninginn.  
Reikna má með að ársreikningur verði tilbúin í lok febrúar, byrjun mars, þá er í framhaldi hægt að gefa út ársreikning samhliða árskýrslu ef vilji stjórnar er fyrir því.  
Stjórn samþykkti að útbúin yrði ársskýrsla.
3. Auglýsing eftir umsóknum.  
Farið var yfir auglýsingu og hún efnislega samþykkt. Starfsmaður stjórnar upplýsti stjórn að ráðuneytið hefði tekið ákvörðun um að gildandi reglugerð yrði breytt þ.e. ekki sé skylt að auglýsa fyrir 1. febrúar á árinu 2022. Ekki var ákveðið hvenær auglýsing verður birt.  
Stjórn sjóðsins telur að heppilegra hefði verið að hafa fengið vitneskju um þetta fyrir til þess að skipuleggja störf sín og leggur áherslu á að auglýsing dragist ekki um of með tilliti til þess tíma sem sveitarfélögin þurfa til undirbúnings fyrir framkvæmdir og komandi framkvæmdatímabil en einnig með tilliti til sveitarstjórnarkosninga 14. maí n.k.
4. Áherslur stjórnar.  
Frestað.
5. Úthlutunarreglur.  
Frestað.
6. Matsskjal.  
Frestað.
7. Starfsreglur stjórnar.  
Frestað.
8. Fundur með sveitarfélögum.  
Stjórn leggur til að haldinn verði fundur með stjórn og fulltrúum frá sveitarfélögum þar sem fiskeldi er stundað.
9. Önnur mál.  
Ákveðið að formaður leiti eftir fundi með ráðherra.

Fundi slitið kl. 11:00 og ákveðið var að boða til fundar 2. febrúar n.k.

Hallveig ritaði fundargerð.

Sniðið: Ekki Auðkennt